

## AUGLÝSING

### um umferð í Eskifjarðarkaupstað.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Eskifjarðar hefur verið ákveðið að setja eftirfarandi reglur um umferð á Eskifirði:

- I. 1. Umferð um Strandgötu, sem í þessum reglum telst byrja við Eskifjarðará, hefur forgangsrétt fyrir öllum aðliggjandi akstursleiðum.
  2. Umferð um Túngötu vikur fyrir umferð um Lambeyrarbraut og Botnabraut.
  3. Umferð um Hátún vikur fyrir umferð um Botnabraut.
  4. Umferð um veg frá Eskifjarðarseli og Byggðarholti vikur fyrir umferð um Þjóðveg.
  5. Umferð um veg frá sorphaugum sunnan fjarðar vikur fyrir umferð um Þjóðveg.
  - II. Einstefna er á Túngötu til austurs, frá gatnamótum Túngötu og Kirkjustígs að Lambeyrarbraut og áfram austur Lambeyrarbraut að Hólsvegi.
  - III. 1. Bannað er að leggja ökutækjum á suðurbrún Strandgötu frá akstursleið af bryggju austan hraðfrystihúss að norðausturhorni matvöruverslunar Pöntunarfélags Eskifirðinga.
  2. Bannað er að leggja ökutækjum á suðurbrún Lambeyrarbrautar frá gatnamótum Lambeyrarbrautar og Botnabrautar að Hólsvegi.
  3. Leggja má ökutækjum á nyrðri brún einstefnuaksturshluta Lambeyrarbrautar.
- Reglur þessar taka þegar gildi og falla um leið niður allar eldri auglýsingar um umferð á Eskifirði.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórinn í Eskifjarðarkaupstað, 10. ágúst 1982.*

**Bogi Nilsson.**

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um flokkun og mat á gærum, nr. 509 5. september 1980.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Í sláturfjarrétt skal flokka gærum hvers innleggjanda í eftirfarandi flokka, og skrá á innleggsnótur:

LU	Alhvítar lambagærum, tog jafnt og ekki gróft, án mors eða óhreininda í ull.
L Hv.	Hvítar, óskemmdar lambagærum.
L S	Svartar, óskemmdar lambagærum.
L M	Mórauðar, óskemmdar lambagærum.
L Gr.	Gráar, óskemmdar lambagærum.
L Tvíl.	Lambagærum, aðrir litir, óskemmdar.
L II	Skemmdar lambagærum, allir litir.
Æ Hv.	Óskemmdar, hvítar ærgærum.
Æ Misl.	Óskemmdar, mislitar ærgærum.
Æ II	Skemmdar ærgærum, allir litir.
Úrkast	Hrútagærum, tvíreyfar ærgærum, og ær- og lambagærum, nær ullarlausar eða ullarlausar á blettum.

Gærumatsformaður getur heimilað sláturleyfishöfum að flokka gærum í færri flokka en tilgreint er, með því að sameina tvo eða fleiri flokka.